

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. febrúar 2008

Tilvísun: UST20071200116/sf

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðengis í Grímsnesi, Borgarleynir

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 21. desember 2007, vegna breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðengis í Grímsnesi, við Borgarleyni. Breytingin felst í því að lóðir á núverandi skipulagi eru stækkaðar til norðausturs en þar með ná þær inn á svæði nr. 746 á náttúruminjaskrá (Kerið og Tjarnarhólar).

Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er megin ástæða breytingarinnar sú að eigendur lóðanna vilja tryggja að ekki verði byggt á þessu svæði, þ.e. tryggja ákveðna fjarlægð í næstu hús. Ekki er þó vitað til þess að áform hafi verið upp um að byggja á svæðinu. Skipulagsbreytingin felur eingöngu í sér breytingu á eignarhaldi lands en ekki er gert ráð fyrir að reistar verði byggingar innan þess þar sem byggingarreitur lóðanna breytist ekki.


Eins og að framan greinir felur skipulagsbreytingin það í sér að frístundahúsalóðir munu ná inn á svæði sem er á náttúruminjaskrá, en eftirfarandi lýsing á svæðinu er fengin úr skránni: ***Kerið og Tjarnarhólar, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni, sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir. Vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.***

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðengis þar sem gert var ráð fyrir frístundahúsalóðum innan sama svæðis á náttúruminjaskrá, en þær lóðir voru við norðurmörk svæðisins, sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 12. apríl 2007. Niðurstaða Umhverfisstofnunar var sú að ekki ætti að skipuleggja frístundabyggð á skipulagssvæðinu vegna hættu á að verndargildi svæðisins sem er á náttúruminjaskrá verði spillt. Frístundabyggð á þessu svæði gæti haft töluverð áhrif á verndargildi svæðisins, t.d. með skertri upplifun ferðamanna sem heimsækja Kerið og haft áhrif á hraunmyndanir sem á svæðinu eru og njóta einnig sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að gera ráð fyrir frístundabyggð innan framangreinds

svæðis á náttúruminjaskrá og leggst því fyrir sitt leyti gegn því að lóðir núverandi byggðar verði stækkaðar þannig að þær nái inn á það svæði. Þrátt fyrir að byggingarreitir stækki ekki má gera ráð fyrir jarðraski á viðkomandi lóðum í tengslum við frístundabyggðina, auk þess sem stækkun lóðanna yrði fordæmisgefandi.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir


Guðríður Þorvarðardóttir

Afrit: Skipulagsstofnun.